

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum, er taki gildi 1. maí 1999.

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum, nr. 637 7. desember 1994, með áorðnum breytingum:

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar *verður kr. 97,00* var kr. 90,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar *verður kr. 589,00* var kr. 545,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús *verður kr. 249,00* var kr. 231,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Gjaldskráin verður að öðru leyti óbreytt.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. mars 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérhvert skip sem ætlar til Grundartangahafnar og vill nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Hafnsögumanni er skylt að fara til móts við skipið allt að eina sjómílu utan línu sem dregin er úr Brekkuboða í bauju nr. 11 við Faxaflóa, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður vísar skipi leið til hafnar og skal ekki yfirgefa það, án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki hefur lögmætt erindi að koma á skipsfjöl.

Ekkert erlent skip má án leyfis fara um höfnina án hafnsögumanns, sama á við um íslensk flutningaskip.

Hafnarstjórn getur veitt skipstjóra hafnsöguskylds skips, hafnsöguréttindi. Skilyrði fyrir veitingu hafnsöguréttinda er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi skipi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar sl. ár og komið næstliðið ár a.m.k. 3 sinnum til hafnarinnar án nokkurra óhappa. Veiting hafnsöguréttinda skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náíð talstöðvarsamband við höfnina og hlíta í einu og öllu fyrirmælum vakthafandi hafnsögumanns, ella má svipta þá réttindum fyrirvaralaust.

Hafnarstjórn getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 34/1993 með síðari breytingum og reglugerðar um leiðsögu skipa nr. 320/1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. hafnalaga nr. 23, 29. mars 1994 með síðari breytingum og 3. mgr. 7. gr. laga um leiðsögu skipa nr. 34 27. apríl 1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 25. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

9. mars 1999

Nr. 169

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík, Eiríksgata 5.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. desember 1998 breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts samþykktu 25. júní 1996, hvað varðar lóðina Eiríksgata 5.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 25. júní 1996.

Reykjavík, 9. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

8. mars 1999

Nr. 170

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 113/1995, um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölul. svohljóðandi: Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.